

180

19. des.

AUGLÝSING**um kærufrest út af skatti skv. eignakönnunarlögum.**

Ráðuneytið hefur ákveðið, að kærufrestur út af skatti samkvæmt 17. gr. eignakönnunarlaga nr. 67 frá 1947, skuli vera til 1. febrúar 1950.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1949.

F. h. r.

E. u.

Kjartan Ragnars.

181

30. des.

AUGLÝSING**um innheimtu skemmtanaskatts árið 1950.**

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 108 30 des. 1949 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1950.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaúkanum.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1949.

Bjarni Benediktsson.*Birgir Thorlacius.*

182

REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupm. Jónssonar
1. sept. 1947—31. ág. 1948.**

Tekjur:

1. Eign 1. sept. 1947:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	18623.48	
			kr. 27623.48
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	450.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	402.66	
			— 852.66
			Kr. 28476.14

Gjöld:

1. Úthlutað styrk	kr.	200.00	
2. Eign í lok reikningsársins:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	19276.14	
			— 28276.14

Kr. 28476.14

Reykjavík, 25. október 1948.

Sigurgeir Sigurðsson. Páll Einarsson.